

# Skólaráðsfundur 17.3.2026

Mættir: Loftur Þ. Guðmundsson, Fiona Oliver, Ragnar Norðfjörð, Atli Már Jónsson, Jón Bjartur Atlason, Harpa Guðrún Baldvinsdóttir, Ísak Smári Jökulsson, Erla Björk Árskóg

Fundaritari Vala Nönn

1. Kynning á niðurstöðunum í líðan könnun nemenda - óvenju slæm þátttaka núna ekki nema 32%. Þrátt fyrir það eru niðurstöður svipaðar og verið hefur.
2. Kynning á niðurstöðum úr stofnun ársins hjá Reykjavíkurborg.
3. Skipulag næsta skólaár kynnt - Dagný lætur af störfum næsta vor. Aðrir starfsmenn hafa óskað eftir að starfa áfram. Stöður leiðbeinenda þarf að auglýsa. Fljótlega eftir páska hefst vinna við stundatöflur. Verður fundað með Arndísi deildarstjóra grunnskóla varðandi nemendur með sérþarfir sem hugsanlega koma í Víkurskóla næsta vetur. Erum að byrja að skipuleggja valgreinar fyrir næsta vetur. Kom tillaga um að bjóða upp á skyndihjálparval - eða kynningu á skyndihjálpi fyrir unglingana svo þau séu betur í stakk búin til að bregðast við ef eitthvað kemur upp á.
4. Framkvæmdir framundan.
  - a. Það á að stúka félagsrýmið af og búa til flóttaleið frá matsal
  - b. Stofur verða málaðar eftir þörfum
  - c. Verið að vinna í loftræstikerfinu
  - d. Klára loftið í salnum
  - e. Almennt viðhald
  - f. Vinnuskólinn verður með aðsetur í skólanum eins og undanfarin ár
  - g. Gæti þurft að færa til og breyta stofuskipulagi ef fleiri nemendur koma inn.
5. Önnur mál
  - a. Árshátíðin fram undan - gott að virkja foreldraröltið þá
  - b. Sjö finnskir nemendur að koma í heimsókn í apríl og verða í heimagistingum
  - c. Á fimmtudaginn 19. mars koma 22 Finnar í heimsókn
  - d. Nemendur í skólaráði eru að spá í hvort það sé hægt að gera eitthvað varðandi hegðun nemenda í ferðum á vegum skólans. Rætt um útskriftarferðina í þessu samhengi - spurning hvort kennarar treysta sér með í útskriftarferðina vegna hegðunar nokkurra nemenda. Nemendur hafa áhyggjur af útskriftarferðinni vegna agavandamála samnemenda og þeir komu með hugmyndir að ýmsum útfærslum varðandi agakerfi tengt ferðum - t.d. rætt um að fá öryggisverði til að fara með í útskriftarferðina. Jafnvel að sumir nemendur fái ekki að gista heldur bara taka þátt annan hvorn daginn. Til að nemendur fái að fara í ferðina þurfa þeir að sýna samfélagslega ábyrgð áður - þarf að skila inn einhverju áður. Nemandi kvartar undan því að það vanti vinnufrið í tímum.